



Dagsetning: 10. febrúar 2025
Málsnúmer: 2502029

Til bæjarráðs

Um stofnframlög og íbúðapörf

Stofnframlög Fjarðabyggðar 2022 – 2024:

Frá árinu 2022 hefur Fjarðabyggð lagt alls 158 milljónir í stofnframlög til byggingar 30 íbúða í sveitarfélaginu. Með stofnframlögum leggja sveitarfélög til 12% af stofnvirði íbúða og HMS leggur fram 18% einnig er HMS heimilt að veita 4% viðbótarframlag vegna húsnæðis á vegum sveitarfélaga og húsnæðis ætlað námsmönnum eða öryrkjum. Stofnframlög Fjarðabyggðar skiptast á eftirfarandi hátt:

	Fjöldi íbúða	Stofnframlag
Búðarmelur 6 a-e, Rey	5	22.267.830,
Hafnarbraut 38 Nesk	4	13.841.478,
Ystidalur 7a og b, Esk	2	11.257.109,
Búðarmelur 7 a-c Rey	3	17.069.509,
Litlagerði 1 a og b Rey	2	11.437.457,
Búðarmelur 5 a-c Rey	3	17.494.863,
Gilsholt 6 Fásk	5	29.044.287,
Búðareyri 10 búsetukjarni, Rey	6	35.684.618,
	30	158.097.151,

Auk þessa hefur verið samþykkt að fara í uppbyggingu 2 íbúða á Eskifirði og 3 íbúða í Neskaupstað. Engar framkvæmdir eru hafnar í tengslum við þessar íbúðir og hefur Fjarðabyggð ekki lagt til nein stofnframlög ennþá.

Íbúðapörf 2025-2026:

Í húsnæðisáætlun Fjarðabyggðar 2025 kemur m.a. fram að 5 einstaklingar séu á biðlista fyrir félagslegar íbúðir, 4 einstaklingar séu á biðlista eftir almennri leiguíbúð fyrir tekju- og eignalága og 3 einstaklingar séu á biðlista eftir sérstöku búsetuúrræði.

Varðandi áætlaða íbúðapörf kemur fram í húsnæðisáætlun Fjarðabyggðar að á árinu 2026, að teknu tilliti til samþykktra áforma um fjölgun rýma, komi til með að vanta til viðbótar 6 rými í félagslegar íbúðir, 1 rými í leiguíbúð fyrir eldri borgara og 1 rými í námsmannaíbúð.

Jóhann Gunnsteinn Harðarson
Fjármálastjóri